

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

64. fundur.

að Hlíðavegi 6, 3. nóvember 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar.
3. Landbótaáætlun.
4. Bókasafn.
5. Erindi frá Héraðsnefnd v/80 ára afmælis Laugaskóla.
6. Bréf frá Umhverfisstofnun um skipan í nefnd til undirbúnings að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit skulu tilnefna sameiginlega einn aðal- og einn varamann.
7. Innheimta hitaveitugjalda.
8. Sveitarstjórnarskipti.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 7 yrði bætt á dagskrá. Birkir óskaði eftir að 8. máli yrði bætt á dagskrá.

2. Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjóri gerði í örfáum orðum grein fyrir helstu niðurstöðum, en síðan var málinu frestað til næsta fundar.

3. Landbótaáætlun.

Farið yfir fjárhagshlið landbótaáætlunarinnar.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er reiðubúin að leggja fram fé til að girða u.þ.b. 12,5 km sunnan og austan mellanda, gegn því að notendur endurgreiði kostnaðinn á næstu fimm árum.

Þar að auki er sveitarstjórn Skútustaðahrepps reiðubúin til að greiða árlega fyrir svipað áburðarmagn og verið hefur undanfarin ár.

Að öðru leyti er ekki tekin afstaða til þeirra draga sem fyrir liggja um landbótaáætlun.

4. Bókasafn.

Þessum lið var frestað á síðasta fundi.

Samþykkt að hafa bókasafnið opið einn dag í viku í vetur.

5. Erindi frá Héraðsnefnd v/80 ára afmælis Laugaskóla.

Borist hefur erindi frá formanni Héraðsnefndar Þingeyinga þar sem óskað er eftir stuðningi aðildarsveitarfélaga nefndarinnar við útgáfu Sögu Laugaskóla Óskað er eftir 500 þ.kr. framlagi sem sem skiptist milli sveitarfélaga eins og reglur héraðsnefndar kveða á um. Samþykkt.

6. Bréf frá Umhverfisráðuneyti um skipan í nefnd til undirbúnings að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit skulu tilnefna sameiginlega einn aðal- og einn varamann.

Sveitarstjórn tilnefnir Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur, sem aðalman, en oddviti Þingeyjarsveitar hefur fallist á að aðalmaður komi í hlut Skútustaðahrepps.

7. Innheimta hitaveitugjalda.

Óskráð regla og óskýr hefur verið í gildi um hvenær innheimta hitaveitugjalda skuli hafin í nýbyggðum húsum.

Sveitarstjórn felur veitnanefnd að fara yfir það mál og skýra hvernig þessu skuli háttað.

8. Sveitarstjóranskipti.

Málið var rætt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.